



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 6. febrúar 2025
2212034 MS

00.74

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26
105 Reykjavík


Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2024-2025.

Á 77. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 5. febrúar 2025 var fjallað um erindi frá ráðuneytinu varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaganna Sandgerðis og Garðs. Jafnframt um leiðbeiningar um sérreglu um úthlutun byggðakvóta.

Meðfylgjandi bréfi þessu fylgir útfyllt eyðublað með tillögu um sérreglu fyrir byggðarlagið Garð, sem bæjarstjórn samþykkti. Einnig fylgir fundargerð fundar bæjarstjórnar, þar sem fram kemur afgreiðsla bæjarstjórnar á málinu.

Eins og fram kemur í gögnunum, þá er óskað eftir þessari sérreglu þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði og með samþykkt sérreglunnar hafa fiskiskip sem skráð eru í byggðarlaginu Garði möguleika á úthlutun byggðakvóta en landi aflanum í sveitarfélaginu. Ekki er óskað eftir sérreglu fyrir byggðarlagið Sandgerði.

Virðingarfyllt,


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri